

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 193/2016 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/949 um samþykki fyrir eftirliti tiltekinna þriðju landa fyrir útflutning á tilteknum matvælum að því er varðar tilvist tiltekins sveppaeiturs.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007 frá 26. október 2007 öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1269 frá 13. júlí 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/949 að því er varðar að taka jarðhnetur frá Bandaríkjunum af skránni yfir samþykkt eftirlit fyrir útflutning að því er varðar aflatoxín.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1269 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt vegna matvæla í samræmi við 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a - 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. ágúst 2017.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1269 frá 13. júlí 2017

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/949 að því er varðar að taka jarðhnetur frá Bandaríkjunum af skránni yfir samþykkt eftirlit fyrir útflutning að því er varðar aflatoxín

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

(1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/949 ⁽²⁾ er samþykkt eftirlit tiltekinna þriðju landa fyrir útflutning á tilteknum matvælum að því er varðar tilvist tiltekins sveppaeiturs.

(2) Í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um að samþykkja megi sérstakt eftirlit sem þriðja land annast með fóðri og matvælum rétt áður en þau eru flutt út til Evrópusambandsins í þeim tilgangi að sannprófa að útflutningsafurðirnar fullnægi kröfum Sambandsins. Slíkt samþykki má aðeins veita þriðja landi eftir að úttekt Sambandsins hefur leitt í ljós að fóður eða matvæli, sem flutt eru út til Evrópusambandsins, uppfylla kröfur Sambandsins eða sambærilegar kröfur og að eftirlitið sem sinnt er í þriðja landinu fyrir sendingu teljist nægilega áhrifaríkt og skilvirktilt til að koma í stað eða draga úr sannprófun skjala, auðkenna og eftirliti með ástandi sem mælt er fyrir um í lögum ESB. Árið 2008 veitti ESB slíkt samþykki fyrir eftirliti fyrir útflutning sem lögbær yfirvöld í Bandaríkjunum sinna varðandi aflatoxín í jarðhnetum.

(3) Tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum að því er varðar aflatoxín í jarðhnetum frá Bandaríkjunum hefur fjölgað eftir mitt ár 2016. Yfirvöld í Bandaríkjunum voru upplýst þar um og skuldbindingar gerðar um að ráða bót á ástandinu. Þó má sjá að ástandið hefur ekki batnað.

(4) Því er hægt að draga þá ályktun að skilyrðin, sem urðu til þess að eftirlit fyrir útflutning var samþykkt, séu ekki lengur uppfyllt og því þykir rétt að taka jarðhnetur frá Bandaríkjunum af skránni yfir samþykkt eftirlit fyrir útflutning. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/949 til samræmis við það.

(5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/949 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar. Gjört í Brussel 13. júlí 2017,

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

Jean-Claude JUNCKER

(1)Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

(2)Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/949 frá 19. júní 2015 um samþykki fyrir eftirliti tiltekinna þriðju landa fyrir útflutning á tilteknum matvælum að því er varðar tilvist tiltekins sveppaeiturs (Stjtið. ESB L 156, 20.6.2015, bls. 2).

VIÐAUKI

„ANNEX I

Feed and food of non-animal origin subject to an increased level of official controls at the designated point of entry

	Matvæli	SN-númer	TARIC undirskipting	Upprunaland	Sveppaeitur	Tíðni eftirlits með ástandi (%) við innflutning
—	Jarðhnetur, í skurn	— 1202 41 00		Bandaríkin	Aflatoxín	< 1“
—	Jarðhnetur, skurnlausar	— 1202 42 00				
—	Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt					

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.